

Samþykktir Fókus, faghóps Skýrslutæknifélags Íslands (Ský) um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

1. grein. Fókus er faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu innan Ský og starfar eftir reglum þess um faghópa, sjá nánar á vefsíðu Ský (www.sky.is).

2. grein. Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið Ský og felast m.a. í:

- Að vekja athygli á hlutverki upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, sérstaklega hvað varðar gæði þjónustu, öryggi sjúklinga og hagræðingu í rekstri.
- Að breiða út þekkingu á og stuðla að skynsamlegri notkun upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- Að auka samstarf og skilning á milli mismunandi hópa fagfólks í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- Að skapa þverfaglegan vettvang fyrir faglega umræðu og tengsl milli félaga í hópnum svo og félagsmanna í Skýrslutæknifélagi Íslands.
- Að koma fram opinberlega fyrir hönd fagfólks í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- Að stuðla að góðu siðferði við notkun upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- Að styrkja rannsóknir, menntun og þróunarstarf í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- Að stuðla að samstarfi við félög í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu í öðrum löndum.
- Að styrkja notkun íslenskrar tungu í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.

3. grein. Félagar í Fókus skulu vera félagar í Ský og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Ekki skulu greidd sérstök félagsgjöld í Fókus. Þurfi hópunnar á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað í samráði við framkvæmdastjóra Ský.

4. grein. Félagar faghópsins hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum faghópsins Rétt til að greiða atkvæði á fundum og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld. Félögum ber að virða samþykktir faghópsins, fundarsköp, fundarsamþykktir og ákvarðanir stjórnar. Félögum er óheimilt að tjá sig á opinberum vettvangi í nafni faghópsins nema með samþykki stjórnar. Félögum er skylt að greiða félagsgjöld samkvæmt ákvörðun aðalfundar Ský og félagi sem ekki greiðir félagsgjöld missir öll réttindi í faghópnum.

5. grein. Samþykktum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi Ský. Breytingatillögur skulu berast stjórn með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Ef breytingatillögur verða teknar til meðferðar á aðalfundi skal þess getið í fundarboði og gerð grein fyrir tillögunum þar.

6. grein. Stjórn faghópsins er kjörin á aðalfundi Ský til eins árs í senn og er skipuð fimm til sjö einstaklingum, sem útnefnir formann og ritara innan sinna raða og skiptir með sér verkum eftir þörfum. Samsetning stjórnar skal endurspeglar sem best þekkingu og fagsvið félaga faghópsins. Hlutverk stjórnar er að vinna að markmiðum faghópsins með því að standa fyrir ýmsum viðburðum, þar með talið einum stórum viðburði á ári auk minni og óformlegri viðburða. Stjórn faghópsins skilar skýrslu um starf sitt til stjórnar Ský fyrir aðalfund Ský.

Lagt fram á aðalfundi FÓKUS, 2.desember, 2013 og samþykkt.